

LÍS

Landssamtök íslenskra stúdenta
The National Union of Icelandic Students
Established 2013



Reykjavík, 3. janúar 2020

Yfirlýsing vegna fréttar um synjun á starfsnámi í lögreglufræði vegna lyfjameðferðar við kvíða

Þann 16. desember síðastliðinn vakti Fréttablaðið athygli á því að nema í lögreglufræði hefði verið synjað starfsnámi vegna þess að hún væri í lyfjameðferð vegna kvíða. Landssamtök íslenskra stúdenta fordæma þessa aðgerð og telja að hún setji afar slæmt fordæmi. Slíkt fordæmi getur haft í för með sér að einstaklingar leiti sér síður aðstoðar vegna andlegra veikinda. Samtökin krefjast þess að fyrrnefnd synjun verði dregin til baka enda er óréttlátt að mismuna nemendum eftir því hvort þeir leiti sér aðstoðar við veikindum sínum eða ekki. Slíkt ætti aldrei að nota gegn einstaklingum, þess í stað ber að fagna því þegar einstaklingar huga að andlegri heilsu sinni.

Forstöðumaður Mennta- og starfsþróunarseturs lögreglunnar hefur sagt opinberlega að á Íslandi sé gefinn kostur á að skila sérfræðivottorði ef umsækjandi að starfsnámi er með heilsufarslega áhættuþætti sem krefjast einstaklingsbundins mats. Í umræddu tilfelli staðfesti læknisvottorð að nemandinn væri heilbrigður og fær til þess að sinna lögreglustörfum. Rökin á bak við synjunina virðast því ekki halda vatni og er tilefni til endurskoðunar. LÍS leggja áherslu á mikilvægi þess að stúdentar sem upplifa óréttlæti og mismunun í námi finni fyrir stuðningi frá skólayfirvöldum í þeim aðstæðum.

Í jafnréttisstefnu LÍS er kveðið á mikilvægi þess að tryggt sé að samfélagsleg umræða um geðheilbrigði sé opin og sporni við fordómum. Ákvörðun um synjun sem byggð er á þeim forsendum að nemandinn sé óhæfur til náms vegna meðferðar við andlegum veikindum skýtur skökku við þá vitundarvakningu sem hefur átt sér stað í samfélaginu um geðheilbrigði og andleg veikindi. Þess vegna kalla samtökin eftir því að synjunin sé dregin til baka og umsóknin tekin til endurskoðunar. Ákall eftir endurskoðun á einnig við um önnur tilfelli sem hafa ekki komið fram í sviðsljósið.